

# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sættúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi  
Erindi nr. P 139/799  
komudagur 8.12.2010*

Reykjavík 8. desember 2010.


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, 203. mál.**

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta löggjafarþingi. Þann 14. maí síðastliðinn sendi Sjómannasamband Íslands inn umsögn um það frumvarp en í þeirri umsögn segir:

„ Sjómannasamband Íslands styður þær breytingar á lögnum um umgengni um nytjastofna sjávar sem hér eru lagðar til. Ýmsir aðilar eru háðir því að upplýsingar úr svonefndum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum liggi sem fyrst fyrir. Sem dæmi má nefna að úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna notar þessar upplýsingar til að ákvarða fiskverð í viðskiptum milli skyldra aðila. Auk þess nota samtök sjómanna þessar upplýsingar til að yfirfara uppgjör til sjómanna þegar sjómenn fá ekki greidd laun sín eða þegar grunur leikur á að ekki sé rétt gert upp við þá. Sá tími sem líður frá því að afla er landað og honum ráðstafað þar til upplýsingum er skilað til Fiskistofu hefur sífellt verið að lengjast. Hefur þessi töf í upplýsingagjöf til Fiskistofu komið sér afar illa fyrir samtök sjómanna. Sama á við um aðra aðila sem nota þessar upplýsingar. Að mati Sjómannasambands Íslands er því orðið löngu tímabært að taka á þessu vandamáli.“

Umsögnin frá 14. maí sl er enn í fullu gildi og er hún því endurflutt hér þar sem frumvarpið nú er samhljóða því sem flutt var á síðasta löggjafarþingi. Vísast því til fyrri umsagnar varðandi umsögn Sjómannasambands Íslands um frumvarpið á þessu löggjafarþingi.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson